

Sumaráætlun 2017: Breytingar á leiðakerfi

Þann 28. maí 2017 tekur sumaráætlun gildi bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Þetta skjal er samantekt yfir helstu breytingar sem gerðar verða á leiðakerfinu sumarið 2017.

Höfuðborgarsvæðið

- Leiðir 2, 5, 11, 13, 14, 15, 18, 24, 28 og 35 munu allar keyra á 30 mínútna tíðni í stað 15 mínútna tíðni á annatíma. Aðrar leiðir halda óbreyttri tíðni miðað við vetraráætlun.
- Lagfæringar verða gerðar á tímatöflu leiðar 14 þannig að tíminn á einstaka stoppistöðvum hliðrast til um 1-3 mínútur.

Suðurnes

Leið 88

- Ferð kl. 8:45 á föstudögum frá Lögreglustöðinni til Fjölbrautaskóla Suðurnesja fellur niður yfir sumartímann.
- Ferð kl. 14:15 á föstudögum frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja til Grindavíkur fellur niður yfir sumartímann.

Leið 89

- Ferð kl. 8:15 á föstudögum frá Miðstöð til Sandgerðis fellur niður yfir sumartímann.
- Ferð kl. 9:39 á föstudögum frá Sandgerði í Miðstöð fellur niður yfir sumartímann.

Suðurland

Leið 51

- Eknar verða tvær ferðir á dag milli Reykjavíkur og Hafnar í Hornafirði.
- Ýmsar lagfæringar á tímatöflum ([sjá tímatöflur á heimasíðu](#)).

Leið 52

- Einungis ferðin kl. 12:00 frá Mjódd mun aka alla leið í Landeyjahöfn á föstudögum og sunnudögum á tímabilinu 1. júní til 30. ágúst. Utan þess tímabils endar ferðin alla daga á Hvolsvelli.
- Ferð kl. 14:36 frá Landeyjahöfn hefst einungis í Landeyjahöfn á föstudögum og sunnudögum á tímabilinu 1. júní til 30. ágúst. Utan þess tímabils hefst ferðin alla daga á Hvolsvelli kl. 15:09.
- Ýmsar lagfæringar á tímatöflum ([sjá tímatöflur á heimasíðu](#)).

Vestur- og Norðurland

Leið 57

- Eknar verða tvær ferðir á dag alla daga á milli Akureyrar og Reykjavíkur.

- Gjaldsvæðum á milli Akraness og Borgarness fækkar úr þremur í tvö.

Leið 58

- Tvær ferðir verða eknar á hverjum degi á milli Stykkishólms og Borgarness.

Leið 59

- Akstur verður á milli Borgarness og Hólmavíkur mánudaga, miðvikudaga, föstudaga og sunnudaga.

Leið 82

- Tvær ferðir verða eknar á hverjum degi á milli Stykkishólms og Hellissands og þar af mun önnur ferðin aka til og frá Arnarstapa.

Leið 83

- Fjórar ferðir verða eknar hverjum degi á milli Hvammstanga og Hvammstangavegar.

Leið 84

- Þrjár ferðir verða eknar á hverjum degi á milli Blönduóss og Skagastrandar.

Leið 86

- Leið 86 verður felld niður.

Norður- og Norðausturland

Leið 56

- Ekin verður ein ferð á dag alla daga á milli Akureyrar og Egilsstaða.

Leið 78

- Á sunnudögum færast ferðin kl. 14:02 frá Siglufirði til kl. 10:30.
- Á þriðjudögum bætist við ferð kl. 17:20 frá Dalvík – Grímseyjarferju til Akureyrar og á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum bætist við ferð kl. 20:20 frá Dalvík – Grímseyjarferju til Akureyrar.
- Á sunnudögum bætist við ferð kl. 19:29 frá stöðinni Dalvík – Grímseyjarferja til Akureyrar.
- Á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum bætist við ferð kl. 19:39 frá Akureyri að stöðinni Dalvík – Grímseyjarferja.
- Á sunnudögum bætist við ferð kl. 18:39 frá Akureyri að stöðinni Dalvík – Grímseyjarferja.

Leið 79

- Í stað pöntunarþjónustu verður ekið alla daga á milli Húsavíkur og Þórshafnar.
- Ýmsar lagfæringar á tímatöflu ([sjá tímatöflu á heimasíðu](#)).